

Tryggingaskilmálar fyrir slysatryggingu þína með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu

Slysatrygging hjá okkur með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu veitir þér tvöfalda tryggingu með einum heildarsamningi:

Í viðbót við tryggingarvernd við slys (slysatrygging) ávinnur þú þér með iðgjöldum þínum endurgreiðslukröfu við lifun eða við fráfall (iðgjaldsendurgreiðsla). Iðgjaldsendurgreiðslan greiðist við lifun sem árlegar lífeyrisgreiðslur eða við fráfall sem eingreiðsla. Í stað árlegrar lífeyrisgreiðslu getur þú líka krafist eingreiðslu (höfuðstólsvalréttur). Endurgreiðslukröfuna ábyrgjumst við óháð því hvort þú hefur fengið bætur úr slysatryggingunni.

Samningstíminn nær yfir tvö skeið þar sem boðið er upp á mismunandi greiðslur:

- Sparnaðarskeið er tíminn frá upphafi samningstímans til umsaminnar lífeyrisgreiðslubyrjunar.
- Endurgreiðsluskeið er tíminn frá fyrstu lífeyrisgreiðslu.

Þú sem tryggingartaki ert viðsemjandi okkar. Við sem tryggjendur látum í té umsamdar greiðslur.

Almennir skilmálar fyrir slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu fyrir börn (Allianz AB UBR-K 2000 Ki)

U7204/09

Efnisyfirlit

Tryggingarumfang í slysatryggingu

- 1 Hvað er tryggt í slysatryggingu?
- 2 Hvaða tegundir bóta er hægt að semja um í slysa-tryggingu?
 - 2.1 Öorkubætur
 - 2.2 Betri biðtímabætur
 - 2.3 (Fellur niður)
 - 2.4 Sjúkrahússdagpeningar
 - 2.5 Dánarbætur
- 3 Hvaða áhrif hafa sjúkdómar eða kvillar í slysa-tryggingu?
- 4 Hverjir eru ekki tryggingarhæfir í slysatryggingunni?
- 5 Í hvaða tilfellum er tryggingarvernd útilokuð í slysa-tryggingu?
 - 6 (Fellur niður)

Bótamál í slysatryggingu

- 7 Hvers ber að gæta eftir slys (skyldur)?
- 8 Hvaða réttarafleiðingar hefur það að uppfylla ekki skyldur?
- 9 Hvenær gjaldfalla greiðslur í slysatryggingu?

Tryggingarumfang í iðgjaldsendurgreiðslu

- 10 Hvað er tryggt í iðgjaldsendurgreiðslu?
- 11 Hvaða hagnaðarhlutdeildar getur þú vænst til viðbótar?
 - 12 (Fellur niður)
- 13 Hvenær og hvernig verður tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu breytt í iðgjaldsfría tryggingu?
- 14 Hvenær og í hvaða hæð getur þú krafist endurkaupvirðis úr tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu?

Útborganir úr iðgjaldsendurgreiðslu

- 15 Hver fær útborgunina úr iðgjaldsendurgreiðslunni?
- 16 Hvaða merkingu hefur tryggingarskírteinið og hvers ber annars að gæta við útborgun úr iðgjaldsendurgreiðslunni?

Samningstíminn

- 17 Til hve langs tíma er samningurinn gerður?
- 18 Hvenær hefst tryggingarverndin?
- 19 Hvenær lýkur tryggingarsamningnum?
- 20 Hvenær lýkur slysatryggingunni?
- 21 Hvenær er hægt að segja upp slysatryggingunni eftir að til tryggingamáls kom?
- 22 Hvað gerist ef slysatryggingunni er lokið fyrir lok samningstímans?
- 23 Hvað gerist í hernaði?

Tryggingariðgjaldið

- 24 Hvers þarft þú að gæta við iðgjaldsgreiðslu? Hvað gerist, ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma? Hvernig og við hvaða skilyrði er hægt að endurmeta iðgjaldsupphæðina?

Önnur ákvæði

- 25 Hvernig er tekið tillit til samningsgerðarkostnaðar í tryggingu þinni?
- 26 Hvernig er réttarstaða samningsaðila innbyrðis?
- 27 Hvað merkir tilkynningaskylda fyrir samningsgerð?
- 28 Hvernig getur þú komið í veg fyrir að kröfur í slysa-tryggingu glatist?
- 29 Hvenær fyrnast samningsbundnar kröfur?
- 30 Hvaða dómstóll hefur lögsögu?
- 31 Hvers ber að gæta við tilkynningar til okkar? Hvað gildir um breytingu á heimilisfangi þínu?
- 32 Hvaða lög gilda?
- 33 Yfir hvaða greiðslur nær tímareikningur þinn við atvinnuleysi eða óvinnufærni?
- 34 Hvaða greiðslum átt þú kost á við eiginfjármögnun?
- 35 Á hvaða forsendum er hægt að aðlaga skilmála?

Tryggingarumfang í slysatryggingu

1 Hvað er tryggt í slysatryggingu?

- 1.1 Við bjóðum tryggingarvernd við slys sem hinn tryggði verður fyrir meðan slysatryggingin er í gildi.
- 1.2 Tryggingarverndin nær til slysa hvar sem er í heiminum.
- 1.3 Það telst slys ef hinn tryggði bíður óviljandi heilsutjón vegna skyndilegs atburðar (slystilvik) sem verkar utan frá á líkama hans.
- 1.4 Það telst einnig slys ef aukin áreynsla á útlími eða hrygg veldur því að
- liðir snúast eða fara úr liði
 - vöðvar, sinar, liðbönd eða belgir togna eða rifna.
- 1.5 Við bendum á reglur um takmörkun bóta (töluliður 3), ótryggingarhæfa einstaklinga (töluliður 4) sem og útilokanirnar (töluliður 5); þær gilda um allar tegundir bóta.

2 Hvaða tegundir bóta er hægt að semja um í slysatryggingu?

Fyrir sparnaðarskeiðið getur þú samið við okkur um tegundir bóta. Þeim er lýst í eftirfarandi skilmálum eða viðbótarskilmálum.

Á endurgreiðsluskeiðinu greiðast aukabætur úr iðgjalds-endurgreiðslunni komi til örorku eða fráfalls. Bótunum og forsendum þeirra er lýst í tölulið 10.6.

Bótategundirnar, sem þú hefur samið um við okkur, og tryggingarupphæðirnar, koma fram í samningnum.

2.1 Örorkubætur

2.1.1 Forsendur fyrir tryggingargreiðslu:

- 2.1.1.1 Andleg eða líkamleg hæfni hins tryggða skerðist varanlega vegna slyssins (örorka).

Örorkan er

- komin fram innan eins árs eftir slysið og
- hefur verið skriflega staðfest af lækni og þú hefur haldið henni fram við okkur innan 15 mánaða eftir slysið.

- 2.1.1.2 Ekkert tilkall er til örorkubóta ef hinn tryggði fellur frá vegna slyssins innan eins árs eftir slysið.

2.1.2 Tegund og hæð tryggingargreiðslu:

- 2.1.2.1 Við greiðum örorkubæturnar sem höfuðstóls-upphæð.

- 2.1.2.2 Útreikningur bóta byggist á tryggingarupphæð og örorkustigi vegna slyssins.

- 2.1.2.2.1 Við missi eða óstarfhæfni eftirtalinna líkamshluta og skynfæra gilda einungis eftirfarandi örorkustigi:

Handleggur	70%
Handleggur fyrir ofan olnboga	65%
Handleggur fyrir neðan olnboga	60%
Hönd	55%
Þumalfingur	20%

Vísifingur	10%
Annar fingur	5%
Fótleggur ofan við mitt læri	70%
Fótleggur að miðju læri	60%
Fótleggur fyrir neðan hné	50%
Fótleggur að miðjum kálfa	45%
Fótur	40%
Stóratá	5%
Önnur tá	2%
Auga	50%
Heyrn á öðru eyra	30%
Lyktarskyn	10%
Bragðskyn	5%

Við missi að hluta eða skerta starfshæfni að hluta gildir samsvarandi prósentustigi.

- 2.1.2.2.2 Fyrir aðra líkamshluta og skynfæri er örorkustig mælt eftir því að hve miklu leyti eðlileg líkamleg eða andleg hæfni er skert í heild. Við það ber eingöngu að taka tillit til læknisfræðilegra sjónarmiða.

- 2.1.2.2.3 Ef viðkomandi líkamshlutar eða skynfæri eða starfshæfni þeirra var þegar varanlega skert fyrir slysið lækkar örorkustigið um fyrri örorku. Hana ber að mæla samkvæmt tölulið 2.1.2.2.1 og tölulið 2.1.2.2.2.

- 2.1.2.2.4 Hafi fleiri en einn líkamshluti eða skynfæri skaddast við slysið eru örorkustigin sem reiknuð eru samkvæmt undanfarandi ákvæðum lögð saman. Ekki er þó tekið tillit til meira en 100%.

- 2.1.2.3 Leiði slys samkvæmt þessum ákvæðum og samkvæmt tölulið 3 til örorku hins tryggða að að minnsta kosti 70%, greiðum við fimmfaldar örorkubætur.

- 2.1.2.4 Viðbótargreiðslan takmarkast við 1.000.000 EUR fyrir hvern hinna tryggðu. Ef í gildi eru aðrar tryggingar fyrir hinn tryggða með fimmföldum eða fjórföldum örorkubótum hjá Allianz Versicherungs-AG, þá gildir hámarksupphæðin fyrir allar tryggingar samanlagt.

2.1.2.5 Falli hinn tryggði frá

- af orsök sem tengist ekki slysinu innan árs eftir slysið eða
- af hvaða orsök sem er seinna en einu ári eftir slysið

og hafi krafa um örorkubætur orðið til greiðum við samkvæmt því örorkustigi sem hefði mátt búast við á grundvelli læknaskýrslna.

2.2 Betri biðtímabætur

2.2.1 Forsendur fyrir tryggingargreiðslu:

- 2.2.1.1 Eðlileg líkamleg eða andleg hæfni hins tryggða er skert á atvinnusviði eða utan þess vegna slyssins án áhrifa sjúkdóma eða kvilla

- eftir þrjú mánuði talið frá slysdegi um 100% (fyrsta stig) eða
- eftir sex mánuði talið frá slysdegi um minnst 50% (annað stig).

- 2.2.1.2 Þessi skerðing hefur staðið yfir óslitið innan tilgreindra tímamarka.

- 2.2.1.3 Þú hefur krafist biðtímabótanna af okkur og lagt fram læknisvottorð á fyrsta stigi í síðasta lagi fjórum

mánuðum eftir að slysið varð og á öðru stigi í síðasta lagi sjö mánuðum eftir að slysið varð.

- 2.2.2 Tegund og hæð tryggingargreiðslu.
Biðtímabætur fyrsta stigs eru greiddar jafn háar og nemur helmingi tryggingarupphæðarinnar, biðtímabætur annars stigs eru greiddar jafn háar og nemur fullri umsaminni tryggingarupphæð. Greiðslu fyrir fyrsta stig teljum við með.
- 2.3 (Fellur niður)
- 2.4 Sjúkrahússdagpeningar.
- 2.4.1 Forsendur fyrir tryggingargreiðslu.
Vegna slyssins dvelur hinn tryggði í læknisfræðilega nauðsynlegri lækningameðferð á sjúkrahúsi. Heilsu-bótardvöl (kúrar) svo og dvöl á heilsuhælum og hressingarheimilum teljast ekki læknisfræðilega nauðsynlegar lækningameðferðir.
- 2.4.2 Hæð og tímalengd greiðslu.
Sjúkrahússdagpeningar eru greiddir jafn háir og umsamin tryggingarupphæð fyrir hvern almanaksdag sjúkrahússmeðferðarinnar, lengst þó í þrjú ár, talið frá slysdegi.
- 2.5 Dánarbætur.
- 2.5.1 Forsendur fyrir tryggingargreiðslu.
Hinn tryggði hefur fallið frá af völdum slyssins innan eins árs. Við bendum á sérstakar skyldur samkvæmt tölulíð 7.5.
- 2.5.2 Hæð tryggingargreiðslu.
Dánarbætur eru greiddar jafn háar og umsamin tryggingarupphæð.

3 Hvaða áhrif hafa sjúkdómar eða kvillar í slysatryggingu?

Sem slysatryggjendur greiðum við bætur fyrir afleiðingar slyss. Ef sjúkdómar eða kvillar hafa haft áhrif á heilsubrestinn vegna slyssins eða afleiðingar hans

- lækkar prósentustig örorkustigsins ef um örorku er að ræða
- lækka bæturnar í samræmi við hluta sjúkdómsins eða kvillans ef um dánarbætur er að ræða og í öllum öðrum tilfellum ef ekki er samið um annað.

Nemi áhrifaþátturinn minna en 25% kemur þó ekki til lækkunar.

4 Hverjir eru ekki tryggingarhæfir í slysatryggingunni?

- 4.1. Ekki tryggingarhæfir og þrátt fyrir greiðslu iðgjalda ótryggðir eru þeir sem þarfnast mikillar og mjög mikillar umönnunar í skilningi félagslegu umönnunartryggingarinnar og geðsjúkir.
- 4.2 Tryggingarverndin rennur út um leið og hinn tryggði er ekki lengur tryggingarhæfur samkvæmt tölulíð 4.1. Fyrir hann lýkur samtímis slysatryggingunni. Um iðgjaldsendurgreiðsluna gildir tölulíður 13.
- 4.3 Greitt iðgjald fyrir hinn ótryggingarhæfa frá því að hann varð ótryggingarhæfur endurgreiðum við.

5 Í hvaða tilfellum er tryggingarvernd útilokuð í slysatryggingu?

- 5.1 Fyrir eftirtalin slys gildir engin tryggingarvernd.
- 5.1.1 Slys sem hinn tryggði verður fyrir vegna geð- eða vitundartruflana, einnig ef þær verða vegna ölvunar, svo og vegna slags (heilablóðfalls, hjartaslags), flogaveikikasta eða annarra krampakasta sem grípa allan líkama hins tryggða.
Tryggingarverndin gildir þó ef þessar truflanir eða köst urðu af völdum slystilviks sem fellur undir þennan samning.
- 5.1.2 Slys sem hinn tryggði verður fyrir vegna þess að hann fremur afbrot af ráðnum hug eða reynir það.
- 5.1.3 Slys sem verða beint eða óbeint af völdum stríðs- eða borgarastríðsatvika.
Tryggingarverndin gildir þó ef hinn tryggði verður óvænt fyrir barðinu á stríðs- eða borgarastríðs-atvikum á ferðalagi erlendis.
Þessi tryggingarvernd fellur niður við lok sjöunda dags frá byrjun stríðs eða borgarastríðs á landsvæði ríkisins þar sem hinn tryggði dvelur.
Framlengingin gildir ekki um ferðir til eða um ríki þar sem þegar geisar stríð eða borgarastríð. Hún gildir heldur ekki fyrir virka þáttöku í stríði eða borgarastríði og ekki fyrir slys af völdum kjarna-, sýkla- eða efnavopna né í tengslum við stríð eða ófriðarástand milli Bandaríkjanna, Frakklands, Japans, Kína, Rússlands, Stóra-Bretlands eða Þýskalands.
- 5.1.4 Slys sem hinn tryggði verður fyrir
- sem stjórnandi loftfars (einnig flugþróttatækis) ef hann þarf til þess leyfi samkvæmt þýskum lögum og einnig sem annar í áhöfn loftfars;
 - við starf sem vinna þarf með hjálp loftfars;
 - við notkun geimfara.
- 5.1.5 Slys sem hinn tryggði verður fyrir við það að hann, sem ökumaður, aðstoðarökumaður eða farþegi í vélknúnu farartæki, tekur þátt í akstursviðburði að meðtöldum tilheyrandi æfingaakstri þar sem máli skiptir að ná hámarkshraða.
- 5.1.6 Slys sem stafa beinlínis eða óbeinlínis af kjarnorku.
- 5.2 Þar að auki eru eftirfarandi tjon útilokuð.
- 5.2.1 Skaði á hryggþófum, svo og innvortis blæðingar og heilablæðingar. Tryggingarverndin gildir þó ef aðalorsökin er slystilvik sem fellur undir þennan samning samkvæmt tölulíð 1.3.
- 5.2.2 Heilsutjón vegna geislunar.
- 5.2.3 Heilsutjón vegna lækningaráðstafana, svo og vegna aðgerða á líkama hins tryggða, óháð tilgangi þeirra. Tryggingarverndin gildir þó ef lækningaráðstafanirnar eða aðgerðirnar eru gerðar vegna slyss sem fellur undir þennan samning.
- 5.2.4 Sýkingar.
- 5.2.4.1 Þær eru einnig þá útilokaðar ef þær stafa af
- skordýrastungum eða -biti eða
 - öðrum minni háttar húð- eða slímhúðarsárum

sem sýklar fóru um inn í líkamann þegar í stað eða seinna.

5.2.4.2 Tryggingarverndin gildir þó fyrir

- hundaðæði og stífkrampa og einnig fyrir
- sýkingar þar sem sýklarnir bástust inn í líkamann um sár eftir slys sem ekki eru útilokuð samkvæmt tölulið 5.2.4.1

5.2.4.3 Um sýkingar sem stafa af lækningaráðstöfunum eða aðgerðum gildir töluliður 5.2.3 setning 2 önnur málsgrein, eftir því sem við á.

5.2.5 Eitranir vegna inntöku fastra eða fljótandi efna gegnum kokið.
Tryggingarverndin gildir þó ef hinn tryggði er ekki orðinn fullra tíu ára. Útilokaðar eru eitranir af völdum matvæla.

5.2.6 Sjúklegar truflanir vegna sálrænna viðbragða, einnig þótt þau séu af völdum slyss.

5.2.7 Maga- eða kviðslit.
Tryggingarverndin gildir þó ef þau verða við harkaleg utanaðkomandi áhrif sem falla undir þennan samning.

6 (Fellur niður)

Bótamál í slysstryggingu

7 Hvers ber að gæta eftir slys (skyldur)?

Án þátttöku þinnar og hins tryggða getum við ekki greitt bætur.

7.1 Eftir slys, sem vænta má að valdi bótaskyldu, verður þú eða hinn tryggði tafarlaust að kalla til lækni, fylgja fyrirmælum hans og láta okkur vita.

7.2 Slystilkynninguna, sem við sendum, verður þú eða hinn tryggði að fylla út sannleikanum samkvæmt og senda okkur til baka tafarlaust; frekari upplýsingar varðandi málið, sem við biðjum um, verður að veita á sama hátt.

7.3 Ef við kveðjum til lækna verður hinn tryggði einnig að láta þá skoða sig. Við berum nauðsynlegan kostnað, að meðtöldu tekjutapi sem af því hlýst.

7.4 Gefa ber læknunum sem hafa annast eða skoðað hinn tryggða – einnig af öðrum ástæðum – öðrum tryggjendum, váttryggjendum og yfirvöldum umboð til að veita allar nauðsynlegar upplýsingar.

7.5 Leiði slysið til dauða ber að tilkynna okkur það innan 48 klukkustunda, einnig þótt okkur hafi þegar verið tilkynnt um slysið. Veita ber okkur rétt til þess að láta lækni í umboði okkar framkvæma krufningu ef þurfa þykir.

7.6 Falli hinn tryggði frá á endurgreiðsluskeiðinu skal fráfall hans tilkynnt okkur tafarlaust.

8 Hvaða réttarlegar afleiðingar hefur það að uppfylla ekki skyldur?

Ef vanrækt er skylda sem uppfylla ber samkvæmt samningi þessum, missir þú tryggingarverndina,

nema þú hafir ekki vanrækt skylduna af ráðnum hug eða af vítaverðu gáleysi.

Við vanrækslu af ráðnum hug heldur þú tryggingarverndinni aðeins að svo miklu leyti sem vanrækslan var ekki þess eðlis að spilla hagsmunum okkar alvarlega, eða ef hún olli ekki stórfelldum skuldbindingum.

9 Hvenær gjaldfalla greiðslur í slysstryggingu?

9.1 Okkur er skylt að lýsa yfir því skriflega innan eins mánaðar – við kröfu um örorkubætur innan þriggja mánaða – hvort og að hve miklu leyti við viðurkennum kröfu. Frestirnir byrja þegar okkur berast eftirfarandi gögn:

- sönnun um atvik slyssins og afleiðingar þess,
- við örorkubótakröfur auk þess sönnun um lok lækningameðferðar að svo miklu leyti sem þess þarf til að mæla örorku.

Við yfirtökum lækniskostnað sem þú þarft að greiða til að rökstyðja bótakröfuna,

- við örorku upp að 1 prómilli tryggingarupphæðarinnar,
- við biðtímabætur upp að 1 prósentu tryggingarupphæðarinnar,
- við sjúkráhuðsdagpeninga upp að einu daggjaldi.

9.2 Ef við viðurkennum kröfuna eða höfum orðið ásátt við þig um ástæðu og upphæð greiðum við innan tveggja vikna.

9.3 Hafi aðeins ástæða bótaskyldunnar verið ákveðin greiðum við, ef þú óskar þess, hæfilega fyrirframgreiðslu.

Fyrir lok lækningameðferðar er aðeins hægt að krefjast örorkubóta innan eins árs eftir slysið sem nema allt að hæð umsaminnna dánarbóta.

9.4 Þú og við höfum rétt til þess að láta mæla örorkuna læknisfræðilega á ný árlega, í síðasta lagi allt að þremur árum eftir slysið. Til loka 14. æviárs lengist þessi frestur úr þremur árum í fimm.

Þennan rétt

- verðum við að nýta ásamt yfirlýsingu okkar um greiðsluskyldu okkar samkvæmt tölulið 9.1.
- verður þú að nýta í síðasta lagi innan þriggja mánaða fyrir lok frestsins.

Leiði endanleg mæling af sér hærri örorkubætur en við höfum þegar greitt ber að greiða 5% vexti á ári af mismuninum.

Tryggingarumfang í iðgjaldsendurgreiðslu

10 Hvað er tryggt í iðgjaldsendurgreiðslu?

10.1 Iðgjaldsgreiðsla og tryggð iðgjaldsendurgreiðsla

10.1.1 Iðgjaldsgreiðsla.
Lengd iðgjaldsgreiðslutímans er ákveðin með samningi. Hægt er að ákveða að á þessum tíma verði iðgjöldin greidd jafn óðum eða í einu lagi fyrir meira en eitt tryggingarár (eingreiðsla).

- 10.1.2 Greiðsla með eingreiðslu.
Úr eingreiðslunni er mynduð tafarlaus inneign.
- 10.1.2.1 Tafarlaus inneign.
Af tafarlausu inneigninni er árlega tekin hlutaupphæð til að hækka endurgreiðslu-kröfuna. Ónotuð tafarlaus inneign er ávöxtuð árlega með tryggðri vaxtaþrósentu. Vextirnir sem bætast við hækka ónotaða tafarlausu inneign.
- 10.1.2.2 Þróun endurgreiðslukröfunnar.
Þróun endurgreiðslukröfunnar samsvarar þróuninni sem verður við reglubundnar iðgjaldsgreiðslur.
- 10.1.2.3 Greidd iðgjöld.
Sem greidd iðgjöld í skilningi töluliðar 10.1.3 gilda iðgjöld sem koma til við reglubundnar iðgjaldsgreiðslur.
- 10.1.3 Tryggð iðgjaldsendurgreiðsla.
Á sparnaðarskeiðinu ávinnur þú þér úr hverju greiddu iðgjaldi endurgreiðslukröfu í bótamáli (samanber tölulið 10.2). Tryggingarskattur og hluta-greiðsluálag tilheyra ekki endurgreiðslukröfunni. Endurgreiðslukrafan sem fæst er heildarupphæð áunninna krafna úr öllum greiddum iðgjöldum. Við ábyrgjumst endurgreiðslukröfuna óháð því hvort þú hefur fengið bætur úr slysatryggingunni.
- 10.2 Tryggðir viðburðir.
Við tiltekna viðburði, sem snerta hinn iðgjaldsendurgreiðslutryggða, innum við af hendi greiðslur úr iðgjaldsendurgreiðslunni. Sem tryggðir viðburðir gilda lifun og fráfall.
- 10.3 (Fellur niður)
- 10.4 Greiðslur við lifun.
- 10.4.1 Forsenda.
Hinn iðgjaldsendurgreiðslutryggði lifir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun og öll iðgjöld hafa þangað til verið greidd eins og umsamið var.
- 10.4.2 Greiðslur.
- 10.4.2.1 Lífeyrisgreiðslur.
Frá umsaminni byrjun endurgreiðsluskeiðsins greiðum við árlega fyrirfram umsamdar lífeyris-greiðslur.
- 10.4.2.2 Hæð lífeyrisgreiðslna.
Umsamdar lífeyrisgreiðslur greiðast hverju sinni jafn háar endurgreiðslukröfu árlegrar iðgjaldsgreiðslu.
- 10.4.2.3 Einstök höfuðstólsgreiðsla í stað lífeyrisgreiðslu.
Í stað lífeyris getur þú einnig krafist þess að við greiðum þér hann út sem eingreiðslu (höfuðstóls-valréttur) í upphafi endurgreiðsluskeiðsins. Höfuðstólsvalréttinn verður þú að nýta með skriflegri tilkynningu til okkar í síðasta lagi þremur mánuðum en þó ekki fyrr en einu ári fyrir lífeyrisgreiðslubyrjun. Höfuðstólsgreiðslan samsvarar áunninni endur-greiðslukröfunni.
- 10.5 Dánarbætur.
- 10.5.1 Forsenda.
Hinn tryggði í iðgjaldsendurgreiðslunni er fallinn frá.

10.5.2 Greiðsla.

Við fráfall greiðum við á sparnaðarskeiðinu endur-greiðslukröfu sem þá hefur áunnist samkvæmt tölulið 10.1.3. Á endurgreiðsluskeiðinu greiðum við sem dánarbætur í einni upphæð þær umsömdu lífeyrisgreiðslur sem eftir eru. Hafi eingreiðsla verið borguð, greiðum við auk þess það sem eftir er af tafarlausu inneigninni.

10.6 (Fellur niður)

- 10.7 Umsaminn lífeyri og endurgreiðslukröfu fyrir hvert iðgjaldsgreiðsluár tilgreinum við í umsókninni og tryggingarskírteininu. Nánari upplýsingar um hæð endurgreiðslukröfunnar, umsamdar lífeyrisgreiðslur, og – hafi eingreiðsla verið innt af hendi – um þróun tafarlausu inneignarinnar getur þú séð í tryggingar-skírteininu í yfirlitinu yfir greiðslur úr iðgjaldsendur-greiðslunni.

11 Hvaða hagnaðarhlutdeildar getur þú vænst til viðbótar?

- 11.1 Uppruni hagnaðarhlutdeildarinnar.
Við útreikning iðgjalda og lífeyris við lifun og andlát byggjum við á reiknivöxtum sem eru varlega áætlaðir með tilliti til greiðslugetu vegna bótakrafna.

Raunverulegar fjármagnstekjur eru yfirleitt hærri en þessir reiknivextir. Tryggingartakar öðlast hlutdeild í hagnaðinum sem þannig myndast. Reiknivextir iðgjaldsútreikningsins eru tilgreindir í tryggingar-skírteininu. Með þessum vöxtum eru sömu leiðis reiknuð framlög iðgjalda í varasjóði, sem við myndum til að geta uppfyllt þær skuldbindingar um tryggða iðgjaldsendurgreiðslu sem við höfum gengist undir við tryggingartaka (samanber tölulið 11.4 þar að lútandi).

11.2 Fyrirkomulag hagnaðarhlutdeildar.

- 11.2.1 Hagnaðarsamband.
Allar tryggingar sem samið er um samkvæmt þessum skilmálum tilheyra hagnaðarsambandinu UPR 1994.

11.2.2 Hagnaðarhlutdeild á sparnaðarskeiðinu.

Á sparnaðarskeiðinu er hagnaðarhlutdeildin veitt gegnum bónuskröfur og réttindi til lokahagnaðar-hlutdeildar.

11.2.2.1 Bónuskröfur.

11.2.2.1.1 Bónuskröfur úr endurgreiðslukröfunni.

Bónuskröfurnar ávinnast úr endurgreiðslukröfu. Þeim er úthlutað árlega og eru þá tryggðar í þeirri hæð. Þær eru aukalegar höfuðstólsgreiðslur sem falla í gjalddaga með endurgreiðslukröfu þegar höfuðstóls-valréttur er nýttur eða við fráfall.

Úr þeim er greitt endurkaupvirði, eftir sömu megin-reglum og úr endurgreiðslukröfunni (töluliður 14).

11.2.2.1.2 Bónuskröfur úr tafarlausri inneign.

Bónuskröfurnar ávinnast úr tafarlausri inneign. Þeim er úthlutað árlega og eru þá tryggðar í þeirri hæð.

Þær falla í gjalddaga í einni upphæð, ef

- slysatryggingunni lýkur fyrir umsamin lokatímamörk (samanber tölulið 17.2)
- bætur úr iðgjaldsendurgreiðslunni falla í gjalddaga.

- 11.2.2.2 Lokahagnaðarréttindi
Réttindi til lokahagnaðar gjaldfalla aðeins við fráfall eða þegar höfuðstólsvalréttur er nýttur, og aðeins, ef tryggingunni hafði á þeim tíma ekki verið sagt upp.
- 11.2.3 (Fellur niður)
- 11.2.4 Hagnaðarhlutdeild endurgreiðsluskeiðsins.
Á endurgreiðsluskeiðinu er hagnaðarhlutdeild veitt gegnum aukalegar lífeyrisgreiðslur.
Þessar aukalegu lífeyrisgreiðslur samanstanda af áunnum og hækkandi hluta.
- 11.2.4.1 Áunninn hluti.
Áunninn hlutinn verður greiddur í byrjun endurgreiðsluskeiðsins úr samtölu áunninna bónuskrafa og lokahagnaðarréttinda. Hæð hans er tryggð frá upphafi endurgreiðsluskeiðsins.
- 11.2.4.2 Viðbótar hluti aukalegra lífeyrisgreiðslna.
Viðbótar hlutinn greiðist úr áunnum hagnaði endurgreiðsluskeiðsins. Hann er aðeins greiddur eins lengi og í þeirri hæð, sem hagnaðarþróunin leyfir.
- 11.2.4.3 Bónuskrafa úr tafarlausri inneign.
Bónuskröfurnar sem bætast við árlega úr tafarlausri inneign á sparnaðarskeiðinu greiðast út um leið og fyrsta lífeyrisgreiðslna.
- 11.3 Hæð hagnaðarhlutdeilda.
- 11.3.1 Kröfuforsendur.
- 11.3.2 Bónuskrafa á sparnaðarskeiðinu.
Úr endurgreiðslukröfunni ávinntst krafa um hagnaðarhlutdeild í fyrsta lagi þegar iðgjöld fyrir að minnsta kosti tvö tryggingarár í þeirri hæð sem um samdist í byrjun hafa verið greidd (samanber tölulið 10.1.3).
- 11.3.2.1 Bónuskrafa úr endurgreiðslukröfunni.
Bónuskrafan, sem bætist við árlega á sparnaðarskeiðinu, er reiknuð út með föstu prósentustigi af heildarupphæð endurgreiðslu- og bónuskröfu sem hefur áunnist við lok undanfarins tryggingarárs.
- 11.3.2.2 Bónuskröfur úr tafarlausri inneign.
Á samanlagða upphæð ónotaðrar tafarlausrar inn eignar og uppsafnaðrar bónuskröfu og við upphaf yfirstandandi tryggingarárs eru reiknaðir vextir með föstu prósentustigi. Frá því eru áfallnir vextir þessa árs dregnir samkvæmt tölulið 10.1.2.1. Útkoman eru þær viðbótarbónuskröfur sem falla til þetta árið.
- 11.3.3 Réttur til lokahagnaðar á sparnaðarskeiðinu.
Lokahagnaðurinn sem bætist við á sparnaðarskeiðinu finnst árlega með föstu prósentustigi af áunninni samtölu endurgreiðslukröfu og bónuskröfu úr endurgreiðslukröfunni.
- 11.3.4 Viðbótar lífeyrisgreiðslur á endurgreiðsluskeiðinu.
Viðbótar lífeyrisgreiðslurnar eru jafn háar við hverja greiðslu. Áunninn hluti viðbótar- lífeyrisgreiðslnanna samsvarar hlutdeild viðkomandi lífeyrisgreiðslu í áunnum bónuskröfum og lokahagnaði við byrjun endurgreiðsluskeiðsins. Viðbótarhlutinn er í samningi þínum fastákveðinn með föstu prósentustigi af samtölu lífeyrisgreiðslna og áunninn hluta viðbótar- lífeyrisgreiðslna.
- 11.3.5 (Fellur niður)
- 11.3.6 Ákvörðun prósentustiga.
- Stjórn okkar ákveður prósentustigin árlega að fengnum tillögum þar til bærs tryggingafræðings.
- 11.3.7 Upplýsingar um hagnaðarhlutdeild.
Við tilgreinum í tryggingaskírteininu þróun hagnaðarhlutdeildarinnar á grundvelli uppgefinna prósentustiga við samningsgerð svo og prósentustigin sjálf.
- Gagnstætt endurgreiðslukröfunni og umsömdum lífeyrisgreiðslum getum við ekki ábyrgst hagnaðarhlutdeildina þar sem hún eru háð hagnaðarþróuninni í framtíðinni.
- Ef prósentustig samnings þíns breytast miðað við þau gildi sem tilgreind eru í tryggingaskírteininu, tilkynnum við þér um breytt prósentustig og gildi.
- 11.4 Fjárfestingar / Tekjur
- 11.4.1 Fjárfestingar í baktryggingarvarasjóðnum UBR.
Trygging allra tryggingartæknilegra varasjóða sem nauðsynlegir eru fyrir iðgjaldsendurgreiðslu og hagnaðarhlutdeild fer fram með viðeigandi fjárfestingum. Þessar fjárfestingar eru teknar saman í baktryggingarvarasjóðinn UBR.
- 11.4.2 Tekjur baktryggingarvarasjóðsins UBR.
Fjármagnstekjur sem skapast af fjárfestingum baktryggingarvarasjóðsins leggjum við í baktryggingarvarasjóðinn UBR að teknu tilliti til kostnaðar við eignastýringuna.
- 11.4.3 Ráðstöfun tekna fyrir tryggingartaka.
- 11.4.3.1 Af fjármagnstekjunum sem verða til í baktryggingarvarasjóðnum UBR notum við – að svo miklu leyti sem þær byggja á varasjóðum (samanber tölulið 11.1) sem fjármagnaðir eru með iðgjöldum – að 90% hið minnsta til greiðslna til tryggingartaka. Af þeim verða dregin sá hluti sem þegar hefur verið lofað til bótagreiðslna. Upphæðina sem þá er eftir notum við í hagnaðarhlutdeild tryggingartaka.
- 11.4.3.2 Arðinn sem notaður er til hagnaðarhlutdeilda tryggingartaka leggjum við í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu (RfB) eða færum hann beint til tekna á einstaka samninga.
- 11.4.3.3 Upphæðirnar sem lagðar eru í varasjóð fyrir iðgjaldsendurgreiðslu (RfB) megum við yfirleitt aðeins nota til hagnaðarhlutdeilda tryggingartaka. Með samþykki eftirlitsyfirvalda getum við í undantekningartilvikum gripið til RfB hinum tryggðu í hag til að koma í veg fyrir neyðarástand (t.d. til að bæta tap).
- 11.4.4 Úttekt úr baktryggingarvarasjóðnum UBR.
Ef fjármagn er tekið úr baktryggingarvarasjóðnum er þávirði þess fært honum til tekna.
- 11.4.5 Eftirlit með baktryggingarvarasjóðnum UBR.
Baktryggingarvarasjóðurinn UBR er undir eftirliti óháðs fjárhaldsmanns.
- 11.5 Breyting á ákvæðum um hagnaðarhlutdeild.
Um breytingar á ákvæðum um hagnaðarhlutdeild gildir töluliður 24.6 eftir því sem við á.

12 (Fellur niður)

13 Hvenær og hvernig verður tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu breytt í iðgjaldsfria tryggingu?

13.1 Forsendur fyrir breytingu.
Ef iðgjaldsgreiðslu lýkur fyrir umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun vegna þess að

- þú hefur samið um það við okkur eða
- slysatryggingunni lýkur vegna tryggingarvanhæfis samkvæmt tölulíð 4.2
- slysatryggingunni var sagt upp og iðgjöld fyrir meira en eitt tryggingarár höfðu verið greidd

breytum við tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu í iðgjaldsfria tryggingu, að öðrum kosti lýkur tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu án frekari krafna. Ef slysatryggingunni lýkur vegna tryggingarvanhæfis eða uppsagnar, og hafi eingreiðsla verið innt af hendi, verða ónýtt tafarlaus inneign og bónuskrafan samkvæmt tölulíð 11.3.2.2 greidd út.

13.2 Hæð iðgjaldsfrírrar tryggingar.

Hæð dánarbóta samsvarar áunninni endurgreiðslukröfu, ef til hennar hefur verið stofnað með greiddum iðgjöldum í að minnsta kosti þrjú tryggingarár (samanber tölulíð 10.1.3); fram að því telst endurgreiðslukrafa fyrsta tryggingarársins ekki með – nema því aðeins að slysatryggingunni hafi lokið vegna tryggingarvanhæfis samkvæmt tölulíð 4.2. Umsaminn lífeyrir við lífun er lækkaður um hlutfall dánarbóta iðgjaldsfríu tryggingarinnar á móti ávinnanlegri endurgreiðslukröfu án uppsagnar við umsamið upphaf lífeyrisgreiðslna.

Samningsgerðarkostnaður hefur áhrif á útreikning iðgjaldsfrírrar tryggingar fyrstu árin (sjá þar um tölulíð 25). Nánari upplýsingar um greiðslur úr iðgjaldsfríu tryggingunni og einnig um ókosti þess að hætta iðgjaldsgreiðslum fyrstu þrjú árin geturðu lesið í tryggingarskírteini þínu undir yfirlit yfir greiðslur úr iðgjaldsendurgreiðslu.

13.3 Reglur varðandi lágar upphæðir.

Ef upphæð dánarbóta iðgjaldsfríu tryggingarinnar samkvæmt tölulíð 13.2 reynist lægri en 1.000 EUR, heldur samningurinn ekki áfram heldur eru kröfurnar greiddar með útborgun endurkaupvirðisins samkvæmt tölulíð 14.

14 Hvenær og í hvaða hæð getur þú krafist endurkaupvirðis úr tryggðu iðgjaldsendurgreiðslunni?

14.1 Forsendur fyrir útborgun endurkaupvirðisins.
Þú getur aðeins krafist útborgunar endurkaupvirðisins til loka sparnaðarskeiðsins og aðeins ef tryggðu iðgjaldsendurgreiðslunni hefur áður þegar verið breytt í iðgjaldsfria tryggingu (sjá um það tölulíð 13.1). Með útborgun endurkaupvirðisins eru kröfur sem falla fyrst í gjalddaga við lífun eða fráfall greiddar fyrir tímunn; hlutagreiðsla er möguleg ef óskað er.

14.2 Hæð endurkaupvirðisins.

Endurkaupvirðið er reiknað út samkvæmt viðurkenndum aðferðum tryggingastærðfræðinnar sem þávirði iðgjaldsfríu tryggingarinnar, þar sem kemur til frádráttar 4% af þávirðinu. Þessi frádráttur fellur niður, ef slysatryggingunni lauk vegna tryggingarvanhæfis samkvæmt tölulíð 4.2. Við útreikning þávirðisins eru reiknivextir iðgjaldsútreikningsins lagðir til grundvallar. Þessir reiknivextir og endurkaupvirðið tilgreinum við í tryggingarskírteininu. Útborgun endurkaupvirðisins hefur ókosti í för með

sér. Endurkaupvirðið er lægra en áunnin endurgreiðslukrafa. Samningsgerðarkostnaður hefur á fyrstu árunum áhrif á útreikning endurkaupvirðisins (sjá nánar tölulíð 25). Nánari upplýsingar um hæð endurkaupvirðis geturðu lesið í tryggingarskírteini þínu undir yfirlit yfir greiðslur úr iðgjaldsendurgreiðslu.

14.3 Áunnar bónuskröfur.

Um þegar áunnar bónuskröfur gilda tölulíðir 14.1 og 14.2 efnislega. Greiðsla fyrir tímunn er aðeins möguleg um leið og endurgreiðslukrafan.

Greiðslurnar úr iðgjaldsendurgreiðslunni

15 Hver fær útborgunina úr iðgjaldsendurgreiðslunni?

15.1 Útborganirnar eru greiddar til þín eða erfingja þinna, hafi þú ekki samið við okkur um annað. Hafi þegar verið greidd útborgun úr iðgjaldsendurgreiðslunni skerðist krafa úr iðgjaldsendurgreiðslunni við fráfall sem því nemur.

16 Hvaða merkingu hefur tryggingarskírteinið og hvers ber annars að gæta við útborgun úr iðgjaldsendurgreiðslunni?

16.1.1 Við greiðum endurkaupvirðið og áunna endurgreiðslukröfu við fráfall eða nýtingu höfuðstólsvalréttar gegn framvísun tryggingarskírteinisins. Við getum talið handhafa tryggingarskírteinisins réttbæran til að taka við greiðslum. En við getum krafist þess að handhafi tryggingarskírteinisins sanni rétt sinn. Við getum einnig krafist sönnunar fyrir síðustu iðgjaldsgreiðslu.

16.1.2 Ef ekki er hægt að framvísa tryggingarskírteininu verður kröfuhafinn að leggja fram aðra sönnun fyrir rétti sínum.

16.2 Fráfall hins iðgjaldsendurgreiðslutryggða skal tilkynna okkur tafarlaust. Þá ber að afhenda okkur opinbert dánarvottorð tafarlaust. Við fráfall af slysförum ber að auki að fara eftir tölulíð 7.5.

Samningstímunn

17 Í hve langan tíma gildir samningurinn?

17.1 Þú gerir tryggingarsamninginn við okkur fyrir umsamið samningstímabil – það er tímabilið frá upphafi samningstímans til umsaminna loka lífeyrisgreiðslnanna – í mesta lagi fram að fráfalli hins iðgjaldsendurgreiðslutryggða.

17.2 Hægt er að semja um að tímallengd. slysatryggingarinnar og iðgjaldagreiðslutímunn komi ekki heim og saman við tímallengd sparnaðarskeiðsins.

18 Hvenær hefst tryggingarverndin?

Tryggingarverndin hefst á þeim tíma sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu, þegar þú greiðir fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma í skilningi tölulíðar 24.2.1.

19 Hvenær lýkur tryggingarsamningnum?

Tryggingarsamningum lýkur

- við fráfall hins iðgjaldsendurgreiðslutryggða
- við umsamin lok greiðslu lífeyris
- við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun ef höfuðstólsvalréttur er nýttur
- þegar slysatryggingunni lauk eins og um var samið eða með uppsögn fyrir umsamda byrjun endurgreiðsluskeiðsins, og

ef auk þess kröfurnar úr iðgjaldsendurgreiðslunni eru greiddar út fyrirfram um leið og útborgun endurkaupvirðisins.

20 Hvenær lýkur slysatryggingunni?

- 20.1 Slysatryggingunni lýkur á umsömdum tíma, í síðasta lagi við umsamda lífeyrisgreiðslubyrjun.
- 20.2 Einnig er hægt að ljúka henni fyrr með skriflegri uppsögn:
af þinni hálfu við lok tryggingarárs; uppsögnin verður að hafa borist okkur í síðasta lagi þremur mánuðum fyrir þann tíma; af okkar hálfu, ef þú ert í vanskilum með framhaldsiðgjald samkvæmt tölulíð 24.3.4
- 20.3 Henni lýkur einnig, ef hinn tryggði er ekki lengur tryggingarhæfur (tölulíður 4.1).

21 Hvenær er hægt að segja upp slysatryggingunni eftir tryggingamál?

Þú eða við getum lokið slysatryggingunni, þegar greiðslu okkar er lokið eða þú hefur lagt fram bótakæru á hendur okkur. Uppsögnin verður að hafa borist þér eða okkur í síðasta lagi einum mánuði eftir bótageiðslu eða – ef um málarekstur er að ræða – eftir móttöku tilkynningar um afturköllun kæru, viðurkenningu kæru, sátt eða dómsúrskurð. Ef þú segir upp tekur uppsögnin gildi jafnskjótt og hún hefur borist okkur. Þú getur þó ákveðið að uppsögnin taki gildi síðar, en þó í síðasta lagi í lok yfirstandandi tryggingarárs. Uppsögn af okkar hálfu tekur gildi einum mánuði eftir að hún hefur borist þér.

22 Hvað gerist ef slysatryggingunni er lokið fyrir lok samningstímans?

- 22.1 Ef slysatryggingunni er lokið samkvæmt tölulíð 20 eða tölulíð 21, lýkur einnig iðgjaldsgreiðslu á sama tíma, í síðasta lagi.
- 22.2 Ákvæði um það hvenær og hvernig tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu er breytt í iðgjaldsfría tryggingu eru í tölulíð 13.

23 Hvað gerist í hernaði?

- 23.1 Tryggingarvernd hins tryggða í slysatryggingunni verður óvirk jafnskjótt og hann hefur þjónustu í her eða álíka stofnun sem tekur þátt í stríði eða hernaði milli landanna Bandaríkjanna, Frakklands, Japans, Kína, Rússlands, Stóra-Bretlands eða Þýskalands. Tryggingarverndin verður aftur virk um leið og okkur hefur borist tilkynning um að þjónustunni sé lokið.

- 23.2 Tryggða iðgjaldsendurgreiðslan helst áfram iðgjaldsfrí með áunninni endurgreiðslukröfu svo lengi sem tryggingarverndin í slysatryggingunni er óvirk. Umsamin lífeyrisgreiðslubyrjun frestast um þann tíma sem hún er óvirk. Ef hinn tryggði fellur frá á þessum tíma er í stað endurgreiðslukröfunnar greitt uppsafnað þávirði iðgjaldsfríu tryggingarinnar reiknað eftir viðurkenndum reglum tryggingastærðfræðinnar.

Tryggingariðgjaldið

24 Hvers þarft þú að gæta við iðgjaldsgreiðslu? Hvað gerist, ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma? Hvernig og við hvaða skilyrði er hægt að endurmeta iðgjaldsupphæðina?

- 24.1 Iðgjald og tryggingarskattur.
Í iðgjaldinu, sem fært er þér til gjalda, er innifallinn tryggingarskattur sem ákveðinn er með lögum og þér ber að greiða.
- 24.2 Greiðsla og afleiðingar síðbúinna greiðslna / Fyrsta iðgjald eða eingreiðsla.
- 24.2.1 Gjaldalagi og stundvís greiðsla.
Fyrsta eða einstakt iðgjald fellur í gjalddaga strax eftir gerð samningsins – hafi ekki samist um annað. Greiðslan telst innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram strax eftir móttöku tryggingarskráteinisins og greiðslutilmælanna svo og eftir að 14 daga andmælarétturinn sem nefndur er í tryggingaskráteininu er liðinn.
Ef samið er um greiðslu ársiðgjalds með afborgunum telst aðeins fyrsta afborgun fyrsta ársiðgjalds sem fyrsta iðgjald.
- 24.2.2 Seinkun á byrjun tryggingarverndar
Ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma heldur seinna, hefst tryggingarverndin ekki fyrr en frá þeim tímapunkti.
- 24.2.3 Riftun
Ef þú greiðir ekki fyrsta eða einstakt iðgjald á réttum tíma, getum við rift samningnum, svo lengi sem þú hefur ekki innt greiðsluna af hendi. Það telst riftun, ef við höldum ekki fram kröfum okkar um greiðslu fyrsta eða einstaks iðgjalds fyrir rétti innan þriggja mánaða frá samningsgerð.
- 24.3 Greiðsla og afleiðingar síðbúinna greiðslna / Framhaldsiðgjald.
- 24.3.1 Gjaldalagi og stundvís greiðsla.
Framhaldsiðgjöldin, sé annað ekki ákveðið, falla í gjalddaga fyrsta mánaðardag umsamins iðgjaldatímabils.
Greiðslan telst stundvís, ef hún fer fram á þeim tímapunkti sem tilgreindur er í tryggingarskráteininu eða í iðgjaldsreikningnum.
- 24.3.2 Vanskil.
Ef framhaldsiðgjald ekki greitt á réttum tíma ert þú kominn í vanskil án greiðsluáskorunar, nema því aðeins að þú berir ekki ábyrgð á greiðslutöfinni. Við munum hvetja þig skriflega til að inna greiðsluna af hendi og veita þér að minnsta kosti tveggja vikna greiðslufrest. Við höfum rétt til þess að krefjast bóta fyrir tjón sem við verðum fyrir vegna vanskilanna.

24.3.3 Engin tryggingarvernd.

Ef greiðslan er enn í vanskilum að þessum greiðslu-fresti liðnum, gildir engin tryggingarvernd frá þessum tímapunkti fram að greiðslu, ef þér var bent á það með greiðsluáskoruninni samkvæmt tölulið 24.3.2 málsgrein 2.

24.3.4 Uppsögn.

Ef greiðslan er enn í vanskilum að þessum greiðslu-fresti liðnum getum við sagt upp samningnum, ef við höfum bent þér á það í greiðsluáskoruninni samkvæmt tölulið 24.3.2 málsgrein 2.

Ef við segjum tryggingunni upp, og greiðir þú síðan innan mánaðar greiðsluna sem áskorunin fjallaði um, gildir samningurinn áfram. Í tryggingamálum sem upp hafa komið frá móttöku uppsagnarinnar og greiðslunnar, gildir þó engin tryggingarvernd.

24.4 Stundvís greiðsla með skuldfærsluheimild.

Hafi samist um millifærslu iðgjaldsins af reikningi, telst greiðslan innt af hendi á réttum tíma ef hægt er að skuldfæra iðgjaldið á þeim gjalddaga sem tilgreindur er í tryggingarskírteininu og þú andmælir ekki réttmætri skuldfærslu.

Ef við gátum ekki skuldfært gjaldfallið iðgjald, án þess að þú ættir sök á því, telst greiðslan þá líka innt af hendi á réttum tíma ef hún fer fram tafarlaust eftir að við höfum krafist hennar skriflega.

Berir þú ábyrgð á því að ekki er hægt að skuldfæra iðgjaldið höfum við rétt til að krefjast þess að greiðsla fari framvegs fram utan skuldfærslukerfisins.

24.5 Hlutagreiðsla og afleiðingar síðbúinnar greiðslu.

Hafi verið samið um greiðslu ársiðgjaldsins með afborgunum, gjaldfalla ógjaldfallnar afborganir samstundis, lendi ein afborgun í vanskilum.

Auk þess getum við framvegis farið fram á árlegar iðgjaldsgreiðslur.

24.6 Endurákvörðun iðgjaldsins.

Okkur er heimilt að endurákvæða iðgjaldið

- ef breyttar tæknilegar reikniforsendur krefjast þess, svo hægt sé að rísa undir greiðslum vegna iðgjaldsendurgreiðslunnar og
- ef þessi breyting var ekki fyrirsjáanleg og getur ekki talist tímabundin.

Endurmatið er aðeins heimilt, ef

- það virðist nauðsynlegt til þess að tryggja áframhaldandi útborganir iðgjaldsendurgreiðslunnar, og
- óvilhallur fjárhaldsmaður hefur farið yfir og staðfest réttmæti útreiknigrunnnsins og annarra forsendna breytingarinnar.

Iðgjaldið verður síðan endurákvæðað í samræmi við leiðréttar reikniforsendur.

Önnur ákvæði

25 Hvernig er tekið tillit til samningsgerðar-kostnaðar í tryggingu þinni?

Gerð tryggingasamninga hefur kostnað í för með sér. Þessi svo nefndi samningsgerðarkostnaður er þegar innbyggður í iðgjaldsútreikningnum sem jafnaðar-stærð og er því ekki innheimtur sérstaklega. Kostnaðurinn sem fellur til í samningsbyrjun er greiddur niður með iðgjöldunum á samnings-

tímanum. Reikniaðferðin sem lýst er (Zillmer-aðferð) samkvæmt grein 4 í bótagreiðslusjóðsreglugerðinni gildir einnig um samninginn þinn.

Fjárhagslega leiðir þetta til þess að á fyrstu árunum eru engar eða skertar upphæðir afgangss uppi í iðgjaldsfría tryggingu og í framhaldi af því ekkert eða eingöngu skert endurkaupvirði fyrirbyggjandi. Nánari upplýsingar þar að lútandi er að finna undir tölulið 13.2 og tölulið 14.2 og getur þú lesið í yfirliti yfir greiðslur úr iðgjaldsendurgreiðslunni í tryggingar-skírteininu þínu.

26 Hvernig er réttarstaða samningsaðila innbyrðis?

26.1 Ef tryggingin er tekin gegn slysum sem annar verður fyrir (trygging annars aðila) hefur þú en ekki hinn tryggði réttinn til að nýta réttindin samkvæmt samningnum. Ásamt hinum tryggða ert þú ábyrgur fyrir að skyldur séu uppfylltar.

26.2 Öllum ákvæðum, sem gilda fyrir þig, ber að beita við löglegan arftaka þinn og aðra kröfuhafa eftir því sem við á.

26.3 Kröfur úr slysatryggingunni og úr iðgjaldsendurgreiðslunni er hvorki hægt að framselja né veðsetja án samþykkis okkar.

26.4 Veiting og afturköllun bótaþegaréttar gilda hvað okkur varðar aðeins og fyrst þá ef þú hefur tilkynnt okkur um það skriflega meðan þú varst á lífi.

26.5 Tryggingartaki fellur frá. Eftirlifandi maki fyrrum tryggingartaka verður tryggingartaki, nema þú hafir samið við okkur um annað.

27 Hvað merkir tilkynningaskylda fyrir samningsgerð?

27.1 Ítarlegar og réttar upplýsingar varðandi mikilvæga áhættuþætti.

Þér eða fulltrúa þínum ber þér skylda til að tilkynna okkur skriflega við gerð samningsins sannleikanum samkvæmt og undandrátarlaust um alla mikilvæga áhættuþætti, sem þér eru kunnir, sér í lagi þeim spurningum sem fram koma í tryggingarumsókninni. Mikilvægir fyrir áhættumat eru þeir áhættuþættir sem eru til þess fallnir að hafa áhrif á ákvörðun okkar um að gera samninginn með umsömdu efni. Í vafatilviki telst áhættuþáttur, sem við höfum spurt sérstaklega og skriflega um, mikilvægur.

Hinn tryggði er, auk þín, ábyrgur fyrir því að veita upplýsingar, sannleikanum samkvæmt og undandrátarlaust, um mikilvæga áhættuþætti og svör við þeim spurningum sem fyrir þig eru lagðar.

Ef samningurinn er gerður af umboðsmanni þínum eða fulltrúa án umboðs og hann veit um mikilvæga áhættuþætti, verður komið þannig fram við þig eins og þú hefðir haft vitneskju þar um eða þagað um það á sviksamlegan hátt.

27.2 Riftun.

27.2.1 Forsendur og riftun.

Ófullnægjandi og rangar upplýsingar varðandi mikilvæga áhættuþætti veita okkur rétt til þess að rifta samningnum. Þetta á einnig við ef ekki var greint frá eða ranglega greint frá aðstæðum, vegna þess að þú á sviksamlegan hátt hirtir ekki um að kynna þér rétt málsatvik.

Riftunin getur aðeins tekið gildi innan eins mánaðar. Fresturinn byrjar frá þeirri stundu þegar okkur varð kunnugt um brot á tilkynningaskyldunni. Riftunin gerist með yfirlýsingu gagnvart þér.

27.2.2 Riftun útilokuð.

Við höfum engan riftunarrétt ef okkur var kunnugt um þá mikilvægu áhættuþætti sem ekki var greint frá eða var ranglega greint frá.

Það sama á við ef þú sannar að hvorki þú né umboðsmaður þinn beri ábyrgð á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum.

Hafir þú átt að greina frá mikilvægum áhættuþáttum sem svar við skriflegum spurningum okkar, getum við því aðeins beitt riftun, vegna þess að ekki hafi verið greint frá málsatvikum sem ekki var spurt um sérstaklega, að þú eða umboðsmaður þinn létuð þeirra ógetið með sviksamlegum hætti.

27.2.3 Afleiðingar riftunar.

Komi til riftunar gildir engin tryggingarvernd. Hafi þegar komið til bótamáls, megum við ekki neita tryggingarvernd, ef þú sannar að málsatvikin sem greint var frá á ófullnægjandi hátt eða ranglega, hafi hvorki átt þátt í því að til bótamáls kom, né hafi þau haft áhrif á umfang bótanna.

Komi til riftunar erum við og þú skuldbundin til að endurgreiða mótteknar greiðslur; fjárupphæð skal reikna með vöxtum frá móttöku hennar.

Úr iðgjaldsendurgreiðslunni færð þú reiknað endurkaupvirðið, reiknað til riftunartímans (tölulíður 14.1). Hafi einstakt iðgjald verið greitt, borgum við auk þess út útreiknaðar eftirstöðvar tafarlausrar inneignar. Þú getur ekki krafist endurgreiðslu þeirra iðgjalda sem greidd hafa verið fram að því.

27.3 Lækkun samtölu eða uppsagnarréttur.

Ef riftunarréttur okkar er útilokaður vegna þess að brot á tilkynningaskyldu var ekki á þína ábyrgð, gilda, ef lægri tryggingarupphæðir þykja sanngjarnar með óbreyttu iðgjaldi, þessar lægri tryggingarupphæðir frá þeirri stundu er okkur varð kunnugt um brotið. Það sama á við ef okkur var ekki greint frá mikilvægum málsatvikum varðandi yfirtöku áhættu við samningsgerðina, vegna þess að þér var ekki kunnugt um málsatvikin.

Ef við tókum ekki á okkur auknu áhættuna samkvæmt grundvallarstarfsreglum okkar, þrátt fyrir hærri iðgjald, getum við sagt tryggingarsamningnum upp, með því að virða eins mánaðar uppsagnarfrest frá því er okkur varð kunnugt um brot á tilkynningaskyldunni. Uppsögnin tekur gildi einum mánuði eftir að hún berst þér.

Rétturinn til lækkunar tryggingarupphæðar eða uppsagnar rennur út, ef honum er ekki haldið til streitu innan eins mánaðar frá þeirri stundu er okkur varð kunnugt um brot á tilkynningaskyldunni eða um málsatvik sem ekki hafði verið greint frá.

27.4 Véfenging.

Réttur okkar til að véfengja samninginn sökum sviksamlegra blekkinga varðandi áhættuþætti, helst óskertur.

28 Hvernig getur þú komið í veg fyrir að kröfur í slysstryggingu glatist?

28.1 Þú átt enga heimtingu á tryggingarvernd ef þú heldur kröfum þínum ekki til streitu fyrir rétti innan sex mánaða.

28.2 Fresturinn byrjar að telja við móttöku skriflegrar neitunar okkar. Réttaráhrif þess að virða ekki frestinn koma aðeins til framkvæmda, ef við höfum bent á nauðsyn réttarlegra aðgerða innan réttis frests.

29 Hvenær fynrast kröfur úr samningnum?

29.1 Kröfur úr slysstryggingunni fynrast á tveimur árum. Kröfur úr iðgjaldsendurgreiðslunni fynrast á fimm árum. Frestirnir teljast frá lokum þess árs sem hægt er að krefjast greiðslunnar.

29.2 Hafir þú lagt inn kröfu til okkar, telur tíminn frá tilkynningu til móttöku skriflegrar ákvarðanar okkar ekki með í frestinum.

30 Hvaða réttur hefur lögsögu?

30.1 Varðandi kærur út af tryggingarsamningnum gegn okkur ræðst réttarleg lögsaga af aðsetri okkar eða þess útibús sem annast tryggingarsamninginn. Hafi tryggingafulltrúi komið að gerð samningsins, á réttur þess staðar líka lögsögu þar sem tryggingarfulltrúinn hafði starfsstöð sína á þeim tíma þegar miðlunin fór fram eða samningurinn var gerður, eða – hafi starfsstöð ekki verið fyrir hendi – átti lögheimili.

30.2 Við getum lagt fram kærur á hendur þér hjá þeim dómstóli sem hefur lögsögu þar sem þú átt lögheimili.

31 Hvers þarf að gæta við tilkynningar til okkar? Hvað gildir um breytingu á heimilisfangi þínu?

31.1 Allar tilkynningar og yfirlýsingar, sem ætlaðar eru okkur verður þú að leggja fram skriflega. Þær skal stíla á aðalstjórn okkar eða á það útibú sem tilgreint er í tryggingaskírteininu eða viðbótum við það, og nefnt er sem ábyrgt útibú gagnvart þér.

31.2 Hafir þú ekki greint okkur frá breyttu heimilisfangi þínu, nægir að senda viljayfirlýsingu sem ætluð er þér í ábyrgðarbréfi á siðasa heimilisfang sem okkur var kunnugt um. Yfirlýsingin tekur gildi á þeirri stundu sem hún hefði borist þér með eðlilegum póstburðarhætti, án breytts heimilisfangs.

32 Hvaða lög gilda?

Um þennan samning gilda þýsk lög.

33 Hvaða greiðslur nær tímareikningur þinn yfir við atavinnuleysi eða óvinnufærni?

33.1 Forsenda.

Þú ert

- lengur en sex vikur frá vinnu vegna veikinda eða þú ert á atvinnuleysisbótum og
- slysstryggingarvernd var í gildi þegar tilkynning b arst um óvinnufærni þína eða atvinnuleysi og
- samningur þinn hafði á þeim tíma verið í gildi í minnst tólf mánuði og umsamdar voru reglubundnar iðgjaldsgreiðslur og
- þú varst ekki orðinn fullra 65 ára og
- ert ekki kominn fram yfir hámarkstímalengd tímareiknings þíns (samanber tölulíð 33.2.2).

33.2 Greiðslur

33.2.1 Iðgjaldsfrí slysatrygging.

Ef þú óskar þess verður slysatryggingarvernd þinni haldið áfram í takmarkaðan tíma án frekari iðgjalds-greiðslu í sama umfangi og áður (iðgjaldsfrí slysa-trygging).

Þú færð tilboð um iðgjaldsfría slysatryggingu. Óvinnufærni þín eða atvinnuleysi og hvenær það ástand hófst skal staðfest með undirskrift þinni. Við höfum rétt til þess að krefjast viðeigandi sönnunar frá þér. Ef gefnar eru rangar upplýsingar gildir engin iðgjaldsfrí slysatryggingarvernd innan ramma tíma-reikningsins.

33.2.2 Tímareikningur.

Á samningstímanum getur þú margsinnis gert tilkall til iðgjaldsfrírar slysatryggingar, samtals í allt að 24 mánuði. Hún er þér til ráðstöfunar í allt að sex mánuði fyrir hvert bótamál og allt að tólf mánuði ef samningur þinn hefur verið minnst þrjú ár í gildi.

33.3 Byrjun iðgjaldsfríu slysatryggingarinnar.

Iðgjaldsfría slysatryggingin hefst með næsta iðgjalds-gjaldlega eftir tilkynningu þína þar sem iðgjald hefur ekki verið greitt.

Á gildistíma iðgjaldsfríu slysatryggingarinnar ber ekki að greiða nein iðgjöld.

33.4 Lok iðgjaldsfríu slysatryggingarinnar.

Iðgjaldsfríu slysatryggingunni lýkur á næsta gjald-daga eftir að óvinnufærni þinni eða atvinnuleysi lýkur, í síðasta lagi við lok greiðsutímabilanna sem tilgreind eru undir tölulíð 33.2.2.

Iðgjaldsgreiðsluskyldan verður virk á ný þegar iðgjaldsfríu slysatryggingunni lýkur; þess vegna verður þú að tilkynna okkur um lok óvinnufærni þinnar eða atvinnuleysis.

33.5 Áhrif á greiðslur iðgjaldsendurgreiðslunnar.

Iðgjaldsendurgreiðsla við fráfall gegnum áunna endurgreiðslukröfu helst í gildi. Allar tímasetningar sem tilgreindar eru í yfirliti yfir greiðslur úr iðgjalds-endurgreiðslunni frestast um gildistíma iðgjaldsfríu slysatryggingarinnar.

34 Hvaða bætur standa þér til boða við eigin-fjármögnun?

34.1 Eiginfjármögnun.

34.1.1 Forsendum.

- Tryggingartakinn fellur frá á iðgjaldsgreiðslu-tímanum
- Þegar hann fellur frá er að minnsta kosti liðið eitt ár frá samningsbyrjun og slysatryggingarvernd var í gildi
- Tryggingartakinn var ekki orðinn fullra 70 ára við samningsupphaf
- Úr þessum samningi höfðu þá ekki verið þegnar bætur úr eiginfjármögnunni

34.1.2 Greiðslur

34.1.2.1 Lok iðgjaldsgreiðslu.

Við reglubundnar iðgjaldsgreiðslur lýkur iðgjalds-greiðslum frá næsta iðgjaldsgjaldlega eftir fráfallið. Hafi eingreiðsla verið innt af hendi, verða ónýtt tafarlaus inneign og bónusgkrafan sem henni tengist greiddar út, reiknað til andlátsdags.

34.1.2.2 Iðgjaldsendurgreiðsla.

Kröfurnar úr iðgjaldsendurgreiðslunni þróað áfram fram að umsaminni byrjun endurgreiðsluskeiðsins, eins og iðgjöldin væru greidd eins og umsamið var.

34.1.2.3 Slysatryggingarvernd.

Við höldum slysatryggingunni áfram til umsamins tíma í sömu hæð og fyrr, nema hinn tryggði sé tryggingarvanhæfur samkvæmt tölulíð 4.1.

35 Hvernig og á hvaða forsendum er hægt að aðlaga skilmála?

35.1 Komi til

- breytingar á gildandi lagafyrirmælum eða gildistöku nýrra lagafyrirmæla, sem hafa bein áhrif á einstök ákvæði tryggingarsamningsins;
- breytinga á úrskurði æðsta dómstígs, sem snerta tryggingarsamninginn;
- dómsúrskurðar sem ógildir einstaka skilmála;
- athugasemda tryggingaæfirlitsyfivalda eða samkeppnisyfivalda vegna einstakra skilmála sem teljast ekki samrýmast gildandi lögum samkvæmt gildri stjórnsýsluáðgerð

höfum við rétt til þess að breyta viðkomandi skilmálum, bæta við þá eða setja aðra í staðinn (aðlögun).

35.2 Aðlögun kemur aðeins til greina fyrir skilmála sem snerta viðfang og umfang tryggingar, útilokanir, skyldur þínar eftir samningsgerð, iðgjaldsaðlögun, samningstíma og uppsögn.

35.3 Aðlögunin er aðeins heimil, ef umræddar ástæður fyrir aðlöguninni raska í ekki óverulegum mæli því hlutfalli milli framlags og mótfamlags sem lá til grundvallar við samningsgerðina.

Komi til ógildingar og athugasemda vegna einstakra skilmála er aðlögunin auk þess því aðeins heimil, að í lagalegu fyrirmælunum felist engar reglur sem koma í stað ógiltu skilmálanna eða þeirra sem athugasemdir voru gerðar við.

35.4 Með aðlöguninni má ekki skerða það hlutfall milli framlags og mótfamlags sem lá til grundvallar við samningsgerðina þegar heildaráhrif aðlögunarinnar eru metin (skerðingarbann / Verschlechterungsverbot). Aðlögunin verður að gerast eftir meginhugmyndum um hliðstæða samningstúlkun (ergänzende Vertragsauslegung) og gæta hagsmuna beggja aðila.

35.5 Heimild okkar til aðlögunar gildir, að gefnum ofangreindum forsendum, um skilmála sem í meginatriðum eru efnislega eins, ef réttarlegir úrskurðir og ákvarðanir yfirvalda beinast að skilmálum annarra tryggjenda.

35.6 Réttmæti og sanngirni aðlögunarinnar verður óháður fjárhaldsmaður að sannreyna og staðfesta. Ákvæði laga um tryggingareftirlit varðandi ráðningu fjárhaldsmanns gilda eftir því sem við á.

35.7 Við kynnum þér aðlagaða skilmálana skriflega og skýrum þá. Þeir teljast samþykktir ef þú andmælir ekki skriflega innan sex vikna eftir kynninguna. Við kynninguna bendum við þér skýrt á það. Til að virða frestinn nægir að senda andmælin í tæka tíð.

35.8 Ef þú andmælir innan tilgreinds frests tekur aðlögunin ekki gildi. Innan fjögurra vikna eftir að andmælin berast okkur skriflega getum við sagt upp slysatryggingunni með átta vikna fyrirvara í lok hvaða mánaðar sem er, ef það er óaðgengilegt fyrir okkur

að halda áfram með samninginn án aðlögunar. Ákvæði um það hvenær og hvernig tryggðu iðgjaldsendurgreiðslunni verður breytt í iðgjaldsfría tryggingu eru í tölulið 13.

Sérstakir skilmálar fyrir viðbótargreiðslur í slysatryggingu með tryggðri iðgjaldsendurgreiðslu (BB Allianz AB UBR-K 2000Ki)

Ef tryggðar eru örorkubætur samkvæmt tölulið 2.1 hjá Allianz AB UBR-K 2000 Ki, greiðum við viðbótargreiðslur sem lýst er hér á eftir án viðbótariðgjalds.

Ef í gildi eru fleiri en ein slysatrygging fyrir hinn tryggða hjá Allianz Versicherungs AG, er aðeins hægt að krefjast viðbótargreiðslna úr einum þessara samninga hverju sinni.

1 Lýtaaðgerðir

- 1.1 Forsendur fyrir greiðslum
 - 1.1.1 Hinn tryggði hefur gengist undir lýtaaðgerð eftir slys sem fellur undir tryggingarverndina. Sem lýtaaðgerð telst lækni meðferð eftir lok lækningameðferðar í þeim tilgangi að bæta úr úitsgöllum hins tryggða af völdum slyssins.
 - 1.1.2 Lýtaaðgerðin fer fram innan þriggja ára eftir slysið, við slys á ólöggráða einstaklingum fyrir lok 21. aldursárs.
 - 1.1.3 Þriðji aðili er ekki bótaskyldur eða neitar bótaskyldu sinni.
- 1.2 Tegund og hæð greiðslna.
 - 1.2.1 Við greiðum samtals bætur allt að hæð umsaminnar tryggingarupphæðar fyrir sannaðan
 - læknikostnað og annan aðgerðarkostnað
 - nauðsynlegan kostnað fyrir dvöl og fæði á sjúkrahúsi.

- 1.2.2 Við greiðum ekki bætur fyrir tannviðgerðir og gervitennur.

2 Björgunarkostnaður

- 2.1 Tegund greiðslna
 - 2.1.1 Eftir slys sem fellur undir tryggingarverndina bætum við fyrir kostnað við leitar- eða björgunaraðgerðir björgunarsveita sem skipulagðar eru af hinu opinbera eða einkaaðilum ef vanalegt er að taka gjald fyrir þær. Þennan kostnað bætum við líka ef slysið var beinlínis yfirvofandi eða aðstæður bentu í raun til að það yrði.
 - 2.1.2 Við bætum kostnað við flutning hins slasaða að fyrirmælum læknis á sjúkrahús eða sérhæft sjúkrahús.
 - 2.1.3 Við bætum aukakostnað við heimferð hins slasaða þangað sem hann býr að staðaldri, ef aukakostnaðurinn hlýst af fyrirmælum læknis eða var óumflýjanlegur vegna eðlis meiðslanna.
 - 2.1.4 Við fráfall af slysförum bætum við kostnað við flutning þangað sem hinn látni bjó síðast að staðaldri.
- 2.2 Hæð greiðslna.
 - 2.2.1 Hæð greiðslna er samanlagt takmörkuð við þá upphæð sem tilgreind er í tryggingarskírteininu.
 - 2.2.2 Ef annar bótaskyldur aðili kemur til, bætum við aðeins þann kostnað sem eftir verður.